

## Námsáætlun

Danska – haust 2020

10. bekkur – 3 klukkustundir á viku

Kennarar: Arna Sif Ásgeirsdóttir og Hildur Ásgeirsdóttir

### Almennt

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámsskrár Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálf þá hæfni. Ekki er víst að öll hæfniviðmið sem nefnd eru hér að neðan verði metin, en þó verður metið úr öllum flokkum hæfniviðmiðanna (þ.e. hlustun, frásögn&samskiptum, lesskilningi, ritun, menningarläsi og lykilhæfni) yfir skólaárið.

### Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnst dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta, tónlistar og heimsókn frá dönskum kennara.

Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<p>Í hlustun eru unnin hlustunarverkefni úr Ekko vinnubók, nemendur hlusta á kennara tala dönsku og vinna ýmis verkefni.</p> <p>Nemendur hitta dönskumælandi kennara á önninni sem mun tala við þá dönsku.</p> <p>Nemendur flytja verkefni (aðrir hlusta) og horfa á danskar kvikmyndir/þætti.</p>	<p>Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á.</p>	<p><b>Hlustun:</b> Skilið það mál sem varðar nemandann sjálfan og mál sem notað er í kennslustofunni.</p> <p>Fylgt þræði í fjölmíðlaefni og úr heimi dægurmenningar.</p> <p>Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p>
<p>Lestur Ekko lesbókar ásamt öðrum lestextum og verkefni leyst í Ekko vinnubók.</p> <p>Nemendur horfa á danskar kvikmyndir/þætti með dönskum texta, sem reynir einnig á lesskilning.</p> <p>Nemendur afla sér upplýsinga á dönskum miðlum þegar unnin eru þemaverkefni.</p>	<p>Lesskilningspróf.</p>	<p><b>Lesskilningur:</b> Skilið megininntak í stuttum aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla, með stuðningi t.d. af myndum.</p> <p>Fundið lykilupplýsingar í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>Lesið sér til gagns og gamans.</p>

<p>Öll samskipti sem eiga sér stað á dönsku teljast til verkefna.</p> <p>Munnlegar æfingar, skipulagðar af kennara, ýmist sem hóp-, einstaklings- eða paraverkefni.</p> <p>Nemendur kynna þemaverkefni á dönsku.</p>	<p>Munnlegt próf og kynning á þemaverkefni.</p>	<p><b>Frásögn og samskipti:</b> Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</p> <p>Sagt auðveldlega frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</p> <p>Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar og mynda.</p> <p>Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</p> <p>Þjargað sér við algengar aðstæður t.d. í verslunum eða veitingastöðum.</p> <p>Geti tekið þátt í samskiptaleikjum.</p>
<p>Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni, bæði sem einstaklings- og hópa-/paraverkefni.</p>	<p>Skil á ritunarverkefnum.</p>	<p><b>Ritun:</b> Skrifa texta af mismunandi gerðum með stuðningi t.d. gátlista.</p> <p>Ritað nokkuð lipurlega frá því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</p> <p>Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</p>
<p>Nemendur kynnast danskri menningu í gegnum Ekko lesbók, kvikmyndir, lög, frá kennara og margt annað.</p> <p>Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í dönskum menningarheimi.</p>	<p>Fer fram í gegnum mörg önnur verkefni.</p>	<p><b>Menningarläsi:</b> Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.</p> <p>Sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika dönsku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</p>

## Birt með fyrirvara um breytingar

### Lykilhæfni

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Þættir lykilhæfni hafa áhrif á námsmat.

## Námsáætlun

Enska – haust 2020

10. bekkur – 3 klukkustundir á viku

Kennarar: Sigurbjörn Már Valdimarsson og Vignir Andri Guðmundsson

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<b>Lesskilningur:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur lesa smásöguna <i>The Lottery</i> - vinna verkefni í tímum</li> <li>Hugtök skoðuð: <ul style="list-style-type: none"> <li>Character</li> <li>Setting</li> <li>Plot</li> <li>Theme</li> <li>Point of View</li> <li>Conflict</li> </ul> </li> <li>Orðaforði - nemendur glósa og halda utan um orðaforða sem notaður er á önninni</li> <li>Nemendur vinna verkefni á heimasíðunni <a href="http://www.readtheory.org">www.readtheory.org</a></li> </ul>	Stöðutaka í upphafi annar f. foreldrafundi Verkefni Próf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</li> <li>Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>Tileinkað sér og nýtt viðeigandi orðaforða.</li> <li>Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt (U&amp;T).*</li> </ul>
<b>Ritun:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur skrifa smásögu.</li> <li>Stutt undibúningsverkefni fyrir skrif.</li> <li>Helstu atriði sem farið verður í:</li> <li>Lýsandi orðaforði</li> <li>Sögupersónur (character)</li> <li>Sögusvið (setting)</li> <li>Almenn atriði í ritun: <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipting í efnisgreinar</li> <li>Rétt notkun greinamerkjá</li> <li>Málfar</li> </ul> </li> </ul>	Ritun í tíma: stöðutaka Skil á smásögu eru metin til einkunnar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgir hefðum varðandi uppbyggingu texta.</li> <li>Fylgir meginreglum málnotkunar.</li> <li>Tileinkað sér og nýtt viðeigandi orðaforða.</li> <li>Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.</li> <li>Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang (U&amp;T).*</li> </ul>
<b>Samskipti:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Innlögn: <ul style="list-style-type: none"> <li>Sýna áhuga</li> <li>Spyrja</li> <li>Horfa upp</li> <li>Halda samræðum gangandi</li> </ul> </li> <li><u>Speedfriending:</u></li> </ul>	Munnleg próf ásamt mati kennara á frammistöðu nemenda í tímum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- Samtöl við samnemendur og kennara um daginn og veginn (óformlegt spjall).</li> </ul>		
<p><b>Frásögn:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemendur vinna myndbandsverkefni sem inniheldur frumsamda frásögn.</li> <li>- Mínútumas fyrst í litlum hópum og svo fyrir bekkinn.</li> <li>- Farið í mikilvæg atriði í frásögn <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kveikja</li> <li>- Horfa fram</li> <li>- Mikilvægi undirbúnings í kynningum</li> </ul> </li> </ul>	<p>Myndband sem nemendur skila inn verður metið.</p> <p>Frammistaða nemenda í kynningu verður metin.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> <li>- Tjáð sig áheyrilega, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.</li> <li>- Tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</li> <li>- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda (U&amp;T).*</li> </ul>
<p><b>Hlustun:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Verkefni þar sem nemendur hlusta og horfa á eftirfarandi og vinna verkefni úr: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Hefðbundnar hlustunaræfingar</li> <li>- Hlustun á raunefni - BBC Podcast verkefni.</li> <li>- Orðaforði úr hlustun</li> <li>- Explained - Memory</li> </ul> </li> </ul>	<p>Hlustunarpróf</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.</li> </ul>

\*Hæfniviðmið í upplýsinga og tæknimennt

**Birt með fyrirvara um breytingar**

## Námsáætlun

Íslenska – haust 2020

10. bekkur – 4 klukkustundir á viku

Kennarar: Gunnhildur Halla Carr, Jóhanna Sigmundsdóttir og Vilborg Guðrún Sigurðardóttir.

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<b>Lestur og bókmenntir</b> Gísla saga Súrssonar Logar Útlaginn Ferðalok Kjörbók Mér er í mun	Tímapróf  Lesskilnings- verkefni úr ólesnum texta  Bókaskýrsla	<b>Að nemandi geti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</li> <li>- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði</li> <li>- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</li> <li>- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</li> </ul>
<b>Málfræði og málnotkun</b> Málfríður <ul style="list-style-type: none"> <li>- orðflokkar</li> <li>- setningafræði</li> <li>- greinarmerki</li> <li>- bein og óbein ræða</li> <li>- orðmyndun og orðhlutar</li> <li>- samsett orð</li> <li>- orðtök og málshættir</li> <li>- líkingarorð</li> <li>- málnotkun</li> <li>- orðaforði og málsaga</li> <li>- framburðarmállýskur</li> </ul>	Gagnapróf í málfræði  Tímapróf  Hópverkefni um mállýskur	<b>Að nemandi geti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</li> <li>- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböndum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</li> <li>- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni á að bæta mál sitt og geti nýtt þá þekkingu við nám í erlendum tungumálum</li> <li>- nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í handbókum, orðasöfnum og -rafrænum orðaböndum</li> <li>- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna.</li> <li>- gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun</li> <li>- náð tókum á orðflokkgreiningu</li> <li>- náð tókum á helstu beygingaratriðum sagnorða og getur nýtt þau í sinni málnotkun</li> <li>- átt sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt.</li> <li>- áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.</li> </ul>
<b>Ritun og stafsetning</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skapandi skrif</li> <li>- stafsetning</li> </ul>	Tímapróf úr Gíslasögu  Heimildaritgerð	<b>Að nemandi geti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</li> </ul>

	<p>Kjörbókarverkefni</p> <p>Stafsetningar-kannanir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- beitt reglum um réttritun og hafi náð góðu valdi á stafsetningu</li> <li>- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært fyrir þeim rök</li> <li>- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</li> <li>- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</li> <li>- beitt reglum um réttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</li> <li>- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</li> <li>- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna</li> <li>- leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.</li> </ul>
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Útlaginn</li> <li>- Ferðalok</li> <li>- Orðbragð</li> </ul>	<p>Hlustunar-verkefni</p> <p>Hópverkefni um mállýskur</p>	<p><b>Að nemandi geti</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.</li> <li>- nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu</li> <li>- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>- gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og nýtt leiðbeiningar um framsögn</li> </ul>

## Birt með fyrirvara um breytingar

### Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í íslensku. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Námsáætlun

### Náttúrufræði – haust 2020

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennari: Atli Kristinsson

#### Markmið

Markmið náms í náttúrufræði er að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

#### Námsefni

Námsefni skiptist í haust lotu og vor lotu. Eðlisfræði 3 að hausti og Maður og náttúra að vori auk efnis frá kennara og af netinu.

#### Námsmat

- Vinnubók með svörum við sjálfsprófum og skýrslur.
- Krossapróf frá kennara við lok kafla.

Allt þetta eru notuð til að meta hæfni nemenda út frá viðmiðum í aðalnámskrá.

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
24. ágúst - 4.september	Eðlisfræði 3 <b>Kafli 1.1 - Vísindabyltingin</b> <b>Kafli 1.2 - Innri gerð frumeinda (bls.6-16)</b> Upprifjun á sögu kjarneðlisfræðinar og uppbyggingu frumeinda. <b>Lesið kafla</b> <b>Vinna sjálfspróf 1.1 og 1.2</b>	Sjálfspróf í vinnubók.	<b>Að nemandi geti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum</li> <li>- lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi</li> <li>- útskýrt breytingu á landnotkun og tengslum við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu</li> </ul>
7. – 25. september	Eðlisfræði 3 <b>Kafli 1.3 -Geislavirk efni</b> <b>Kafli 1.4 - Kjarnorka (bls.17-35)</b> Kynning á geislavirkum efnum og krafti kjarnorkunnar. <b>Lesið kafla 1.</b> <b>Vinna sjálfspróf 1.3 og 1.4</b> <b>Horfa á fræðslumynd um Marie Curie:</b> <a href="https://www.youtube.com/watch?v=PeVaEPFFNYc">https://www.youtube.com/watch?v=PeVaEPFFNYc</a> <b>Horfa á fræðslumynd um Fukushima:</b> <a href="https://www.youtube.com/watch?v=-3GzQ9kryx4">https://www.youtube.com/watch?v=-3GzQ9kryx4</a>	Sjálfspróf í vinnubók.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun</li> <li>- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins</li> <li>- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, um orðað hann og túlkað myndefni honum tengt</li> <li>- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við</li> </ul>
28. september – 16. október	Eðlisfræði 3 <b>Kafli 2.1 - Mismunandi form orkunnar</b>	Sjálfspróf í vinnubók, skýrsla og	

	<p><b>Kafli 2.2 - Endurnýjanleg orka er framtíðin</b></p> <p><b>Kafli 2.3 - Óendurnýjanlegir orkugjafar (bls.40-62)</b></p> <p>Kynning á mismunandi orkugjöfum, kostum þeirra og göllum.</p> <p><b>Lesu kafla 2.</b></p> <p><b>Vinna sjálfspróf 2.1, 2.2 og 2.3.</b></p> <p><b>Vinna skýrslu úr tilraun.</b></p> <p><b>Horfa á fræðslumynd um Marie Curie:</b>  <a href="https://www.youtube.com/watch?v=PeVaEPFFNYc">https://www.youtube.com/watch?v=PeVaEPFFNYc</a></p> <p><b>Horfa á fræðslumynd um Fukushima:</b>  <a href="https://www.youtube.com/watch?v=-3GzQ9kryx4">https://www.youtube.com/watch?v=-3GzQ9kryx4</a></p>	<p>krossapróf úr 1. og 2. kafla Eðlisfræði 3.</p>	<p>öflun upplýsinga innan náttúruvísinda</p>
19. – 23. október	<p><b>Krossapróf úr 1. og 2. kafla Eðlisfræði 3</b></p>	<p><b>Skil á vinnubók</b></p>	
26. október – 20. nóvember	<p><b>Eðlisfræði 3</b></p> <p><b>Kafli 3.1 - Jörðin</b></p> <p><b>Kafli 3.2 - Tunglið</b></p> <p><b>Kafli 3.3 - Sólkerfið okkar (bls. 66-95)</b></p> <p>Kynning á sólkerfinu okkar og öllu sem því tilheyrir</p> <p><b>Lesu kafla 3.</b></p> <p><b>Svara sjálfsprófum 3.1, 3.2 og 3.3.</b></p>	<p>Sjálfspróf í vinnubók.</p>	<p><b>Að nemandi geti</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeiminum og áhrif á líf á jörðu</li> <li>- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins</li> <li>- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, um orðað hann og túlkað myndefni honum tengt</li> <li>- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda</li> </ul>
23. nóvember – 11. desember	<p><b>Eðlisfræði 3</b></p> <p><b>Kafli 4.1 - Stjörnur og vetrarbrautir</b></p> <p><b>Kafli 4.2 - Þróun alheimsins (bls. 100-116)</b></p> <p>Kynning á alheiminum og einhverju sem þar er.</p> <p><b>Lesu kafla 4.</b></p> <p><b>Svara sjálfsprófum 4.1 og 4.2.</b></p>		
14. – 18. desember	<p><b>Lotulok</b></p> <p><b>Krossapróf úr 3. og 4. kafla Eðlisfræði 3</b></p>	<p><b>Skila á vinnubók í seinasta lagi 14. des.</b></p>	

**Birt með fyrirvara um breytingar**



## Námsáætlun

### Samfélagsfræði – haust 2020

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennari: Elín Árnadóttir

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<p><b>1.kafli:</b>  <b>Hvað er samfélag? bls. 4-21.</b>            Nemendur kynnst muninum á samfélagi og þjóðfélagi, hvernig þeir sjálfir og samfélagið hafa áhrif á hvort annað.            Nemendur átti sig á þeim hlutverkum sem finna má í samfélögum og hvernig þau stuðla að því að samfélög lifa af.            Nemendur bera saman mismunandi samfélög í nútíð, en einnig í þátíð.</p>	<p>Hugtakaverkefni            bls. 20.            Finndu svar bls. 20.            Skilaverkefni –            Lífsskilyrði á jörðinni            Könnun            Virkni og ástundun í tímum</p>	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,</li> <li>- útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum,</li> <li>- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul>
<p><b>2.kafli:</b>  <b>Sinn er siður bls. 22-35.</b>            Nemendur átta sig á aðferðum sem farnar eru til að fá fólk til að hlýða reglum.            Nemendur átta sig á ólíkum siðum í heiminum.</p>	<p>Hugtakaverkefni            bls. 34.            Finndu svar bls. 34 – 35.            Skilaverkefni –            Siðir í öðrum löndum            Rökræður            Virkni og ástundun í tímum</p>	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- útskýrt gildi reglna í samskiptum manna á milli í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.</li> </ul>
<p><b>3.kafli:</b>  <b>Félagsmótun bls. 36-49.</b>            Nemendur átta sig á stöðu sinni og hlutverkum í samfélaginu. Hvaða þættir móta þá stöðu og að hve miklu leyti ráðum við henni sjálf?            Einstaklingar gegna ólíkum hlutverkum eftir aðstæðum og hópum hverju sinni.            Nemendur læra um mikilvægi fjölmiðla sem bæði upplýsingagjafa og mótunaraðila.            Nemendur velta fyrir sér hvaða aðilar í lífi þeirra hafa helst áhrif á að móta okkur.</p>	<p>Hugtakaverkefni            bls. 48.            Finndu svar bls. 49.            Kynning/hópverkefni um stofnanir í samfélaginu.            Hópa og verkefnavinna            Hæfni nemenda til að hlusta á og fylgjast með þegar samnemendur þeirra flytja og sýna verkefni            Virkni og ástundun í tímum</p>	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hafi áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,</li> <li>- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn,</li> <li>- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,</li> <li>- sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> </ul>

<p><b>4. kafli:</b>  <b>Menning og samfélag bls. 50-65.</b>  Nemendur átta sig á hugtakinu menning, hvað mótar hana og hvernig hún mótar okkur. Einnig á menningarlegum mun.  Nemendur velta fyrir sér neytlusamfélaginu sem við búum í, mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvernig sporna megi gegn matarsóun.  Hvaða þættir móta helst menninguna og hvaða munur er á menningu þróunarlanda annars vegar og iðnvæddra landa hins vegar.</p>	<p>Hugtakaverkefni bls. 64  Finndu svar bls. 64.  Kynning/  einstaklings- eða paraverkefni  Hópa og verkefnavinna  Hæfni nemenda til að hlusta á og fylgjast með þegar samnemendur þeirra flytja og sýna verkefni  Virgni og ástundun í tímum</p>	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra</li> </ul>
<p><b>5.kafli</b>  <b>Fjölskyldan bls.66-79.</b>  Að nemendur skoði mismunandi fjölskyldugerðir og átti sig á því að fjölskyldur geta verið ólíkar eftir menningarheimum en einnig að það er mismunandi hvernig við skilgreinum fjölskyldu.  Að nemendur velti fyrir sér breytingunni sem orðið hefur frá því á 19. öld þegar skilnaðir voru nær óhugsandi. Í framhaldinu má ræða um og íhuga breytingar á samfélaginu og ástæður sem liggja að baki fjölgun á skilnuðum frá því sem var áður.  Að nemendur velti fyrir sér hlutverki fjölskyldunnar í lífi fólks, mikilvægi hennar og mismunandi stöðu fjölskyldumeðlima.</p>	<p>Hugtakaverkefni bls. 78.  Finndu svar bls. 78.  Upprifjun fyrir próf.  Vinnubókaskil.  Virgni og ástundun í tímum</p>	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.</li> </ul>

## Birt með fyrirvara um breytingar

## Námsáætlun

Stærðfræði – veturinn 2020-2021

10. bekkur – 4 klukkustundir á viku

Kennarar: Alda Gísladóttir, Signý Gísladóttir, Sigríður Hafstað, Stein Olav Romslo

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Líkindareikningur	Verkefni/próf	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reiknað út einfaldar líkur og skráð líkur sem almenn brot, tugabrot og prósentur</li> <li>- áttað sig á mismun á jöfnum og ójöfnum líkum, greint á milli háðra og óháðra atburða og greint á milli dráttar með og án skila</li> <li>- fundið útkomumengi og sett fram á skipulagðan hátt</li> <li>- fundið sammengi, sniðmengi og fyllimengi gagnamengis</li> </ul>
Algebra	Verkefni/próf	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- einfaldað og þáttað algebrustæður</li> <li>- reiknað með almennum brotum þar sem teljari og nefnari geta innihaldið bókstafi</li> <li>- leyst fyrsta stigs jöfnur</li> <li>- leyst línuleg jöfnuhneppi með mismunandi aðferðum</li> </ul>
Fjármál	Verkefni/próf	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reiknað út laun og skatt</li> <li>- reiknað vexti í mismunandi samhengi</li> <li>- gert útreikninga varðandi notkun kreditkorts</li> <li>- gert fjárhagsáætlun og bókhald í töflureikni, og útskýrt</li> </ul>
Rúmfræði	Verkefni/próf	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- útskýrt og notað setningu Pýþagórasar</li> <li>- reiknað út hliðarlengdir í nokkrum þríhyrningum af sérstakri gerð</li> <li>- fært rök fyrir hvers vegna form eru einslaga og reiknað út lengd hliða þeirra</li> <li>- fundið og notað mælikvarða sem hlutfall milli eftirmyndar og frummyndar</li> </ul>
Fleygbogar	Verkefni/próf	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fundið jöfnu annars stigs falls þegar grafið er þekkt</li> <li>- teiknað fleygboga út frá fallstæðu</li> <li>- sagt til um botn- eða topppunkt (hæsta og lægsta gildi) fleygboga og fleiri falla</li> <li>- getur leyst annars stigs jöfnur með mismunandi aðferðum</li> </ul>

**Birt með fyrirvara um breytingar**

## Lykilhæfni

### Tjáning og miðlun

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinnin og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum

### Skapandi og gagnrýnin hugsun

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir áraðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærлу

### Sjálfstæði og samvinna

Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn

### Nýting miðla og upplýsinga

Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt

### Ábyrgð og mat á eigin námi

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu